

Kjallari



Grunnmynd





Snið A - A



Snið B - B



Snið C - C

Skipulags- og byggingarfulltrúi Uppsveita bs.
Samþykkt
13 APR. 2016
Byggingarfulltrúi

Byggingarlýsing

Fjósið byggist við suð-austurhlið núverandi hlöðu sem verður þá nýtt sem aðstöðurými fyrir fóðurtiltekt og fyrir og burðarstíur með hálmsvæði. Núverandi fjósi verður breytt í uppeldisfjós fyrir kálfa, kvigur og kýr á geldstöðutímabili.

Kjallari nýbyggingar er steinsteyptur - hringdælukerfi -; veggi skal holufylla vandlega eftir mótarif.

Gólf fjóssins er steinsteypt og verksmiðjuframleiddir, gæðavottaðir steinrimlar. Fóðurgang og básaplötur skal vélslípa á steypudegi. Fóðurgang skal mála síðar með epoxy-lakki þegar steypan er orðin fullhörð og þurr. Fyrir málningu skal sýrþvo gólfið. Mjólkurhúsgólf skal flísaleggja með sýruþolnum gólfflísum og fúga með sýruþolnu fúgueffni.

Fjósveggir verða steinsteyptir upp undir loftræstigluggana, einangraðir að utan með 50 mm steinullarplötum í grind og klæddir með lituðu bárustáli. Að innan verða veggimir holufylltir og málaðir með sterkri lakkmálningu.

Þak verður gert úr límtréssperrum á galv. stálsúlum. Langbönd verða úr límtré. Þak verður klætt með samlokueiningum, litað stál-úrethaneinangrun-litað stál. Samlokueiningamar skulu vera vottaðar af Mannvirkjastofnun. Á þakinu verður loftræstigluggi úr tvöföldum polykarbonatplötum. Stærð gluggans skal vera a.m.k. 5% af gólffleti hússins skv. kröfu um reykræstingu. Glugginn nær yfir mjaltabjóninn og þ.a.l. ekki þörf á sérstökum reykháfi yfir honum.

Loftræsting fjóssins verður "náttúruleg" með polykarbonatgluggum (t.d.gerð UBA frá Landstólpa) á báðum hliðarveggjum og loftræstiglugga á þaki (t.d Arntjen frá Vélavali).

Veggi sem aðskilja mjólkurhús, inngang og skrifstofu frá fjósi skal steypa upp í 2,5 m hæð. Þar yfir komi EI60 veggir úr léttu efni sem nái alveg að þakklæðningu og upp undir límtréssperru. Hurð úr því rými inn í fjós skal vera EI30CS.

Allar innréttingar verða úr galv. pípum. Í legubása verða settar mjúkar mottur eða básadýnur. Klæðning léttra innveggja skal vera í fl. 1. Gler í gluggum innveggja skal vera E30 (þráðgler).

Brunavarnir: Inn- og útgöngudyr gripa skal vera auðvelt og fljótlegt að opna bæði innan- og utanfrá. Koma skal fyrir brunaslöngu og 3 stk. 6 kg ABC - handslökkvitækjum við inngangsdyr, við mjaltaþjón og útgöngudyr í enda fjóss samkvæmt leiðbeiningum eldvarnareftirlits Brunavarna Árnessýslu. Setja skal sjálfvirkt brunaviðvörunarkerfi - reyksogskerfi - í fjósið.

Stærð : Kjallari : 417,1 m2 840,0 m3
Fjós : 665,0 m2 3092,0 m3

Verk:	Hurðarbak -166350 - Flóahreppi Árn.		7902.
Verkhluti:	Fjósbygging - grunnmynd, kjallari, snið	Tæknþjónusta ehf.	Netfang: tso@simnet.is
Teikn nr: A-01	Dags: 07.04.2016	Mælikvarði: 1:100	Farsími 899-7864 - Sæmundur Farsími 863-3184 - Magnús
Breytingar:	Verknr:	Tæknþjónusta ehf kt: 601200-2440 Suðurlandsbraut 10. 2.hæð Sími: 5533700	tölvuskráningarnúmer:
	Hannað: Magnús Sigsteinsson 160444-4959	Teiknað: Magnús Sigsteinsson 160444-4959	Áritun aðalhönnuðar: Sæmundur Óskarsson 180160-3109